

Mál nr. 142/2013

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns af völdum
bifreiðaáreksturs.

Gögn.

59. Málskot, móttækið 12.4.2013, ásamt fylgigögnum.

60. Bréf X, dags. 30.4.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 30.10.2011 var bifreiðinni A ekið í aftanverða hægri hlið bifreiðar M í hringtorgi á gatnamótum Bæjarháls og Bæjarbrautar í Reykjavík. Lögregla var kölluð á vettvang, en ekki liggur fyrir lögregluskýrsla um atvikið. Í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna um áreksturinn kemur fram að sjáanlegar skemmdir hafi orðið á bifreiðunum, en ekki er nánar lýst hverjar skemmdirnar eru.

Hinn 31.1.2012 leitaði M til heimilislæknis á heilsugæslustöð vegna verkja í vinstri öxl sem hann rekur til fyrrgreinds áreksturs. Við röntgenrannsókn, sem framkvæmd var 2.2.2012, kom í ljós „merki um þrota í bursunni, örlar á impingement við abduction“. Í kjölfarið var M sendur til skoðunar hjá bæklunarskurðlækni. Í svari bæklunarskurðlæknisins kom fram að M hafi fyrst verið slæmur í vinstri öxl, en í seinni tíð hafi verkir í hægri öxl verið að ágerast og við skoðun hafi meiri óþægindi verið í vinstri öxlinni við allar hreyfingar, en „impingementpróf“ meira jákvætt hægra megin.

M hefur krafist staðfestingar á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn um málsatvik eru mjög af skörnum skammti, eða einungis sameiginleg tjónstilkynning ökumanna og eitt læknisvottorð heimilislæknis sem M leitaði fyrst til tveimur mánuður eftir áreksturinn. Engin matsgerð liggur fyrir um líkamstjón það sem M á að hafa hlotið við áreksturinn. Af hinum takmörkuðu gögnum um líkamstjón M verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að hann hafi hlotið áverka á vinstri öxl eða annað líkamstjón við áreksturinn. Hann á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 21. maí 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.